

Tillaga Flokk fólksins að fram fari úttekt á akstursþjónustu eldri borgara í borginni.

Borgarfulltrúi Flokk fólksins leggur til að Mannréttindaráð- nýsköpunar og lýðræðisráð hafi frumkvæði á að úttekt verði gerð á akstursþjónusta eldri borgara. Komið hefur fram að karlar nota akstursþjónustuna mun minna en konur. Samkvæmt greiningu á akstursþjónustu kemur fram að notendur akstursþjónustunnar á tímabilinu frá janúar til júní 2019 komur í ljós að 17% eru karlar en 83% eru konur. Í svari við fyrirspurn borgarfulltrúa Flokk fólksins í Velferðarráð 13. nóvember s.l. í lið 14. er m.a. bent á að vert væri að gerð verði úttekt á akstursþjónustu borgarinnar hvað varðar eldri borgara.

Greinargerð

Til nánari upplýsingar þá fylgir hér svar sviðstjóra velferðasviðs til fyrirspurnar Flokk fólksins í Velferðarráði:

Heildarfjöldi Reykvíkinga sem eru 67 ára og eldri er 15.316. Þar af eru 55% konur en 45% karlar. Skilyrði fyrir að fá akstursþjónustu eru þau að viðkomandi eigi lögheimili í Reykjavík, sé 67 ára eða eldri, búi sjálfstætt, sé ófær um að nota almenningsangöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafi ekki aðgang að eigin bifreið. Velferðarsvið hefur ekki kannað sérstaklega ástæður fyrir mismunandi kynjahlutfalli í akstursþjónustu en það gæti verið áhugavert að jafnréttisskima akstursþjónustuna.